

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 29.07.2020

Fundur 6-2020

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar miðvikudaginn 29. júlí 2020 kl. 14:00 í Skagabúð.

Mætt voru: Bjarney R. Jónsdóttir, Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, og Magnús Guðmannsson. Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Kálfshamarsvík
2. Styrkvegir
Ráðstöfun styrks
3. Bréf og fundargerðir:
 - a) Tónlistarskóli A-Hún:
 - a1) Fundargerð 23. júní 2020
 - a2) Fundargerð 21. júlí 2020
 - a3) Ársreikningur 2019
 - b) Félags- og skólaþjónusta A-Hún:
 - b1) Fundargerð 29. júní 2020
 - b2) Ársreikningur 2019
 - c) Markaðsstofa Norðurlands, fundargerð 13. júlí 2020
 - d) Byggðaráð Skagafjarðar tölvupóstur dags. 30. júní
4. Slökkvibíll á Skagaströnd
5. Fundur með lögreglustjóra og yfirlögregluþjóni 26. júní s.l.
6. Fjallskilamál
7. Íbúafundur í tengslum við sameiningarmál
8. Önnur mál

Afgreiðsla:

1. Kálfshamarsvík

Farið var í vettvangsferð í Kálfshamarsvík þar sem eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Fyrirhugað bílaplan – skoða þarf nánari útfærslu á staðsetningu m.t.t. sjógangs .

Staðsetning nýs hús – ákveðið að setja það á pall þar sem núverandi hús er.

Göngustígar – verði innan lands Kálfshamarsness.

Vatn – athugað verði með vatnsból í landi Kálfshamars.

Girðing – skoða þarf girðingu í kringum svæðið til að verja það ágangi búfjár. Skoða í samvinnu við landeigendur Saura og Kálfshamars. Þá þarf að skoða girðingu frammi á nesinu til að verja salernishús.

Vegur – keyra þarf töluverðu efni í veginn og útbúa útskot á 3-4 stöðum.

2. Styrkvegir

Sveitarfélagið hlaut styrkur upp á 2,5 milljónir frá Vegagerðinni. Upphæðinni verður ráðstafað á eftirfarandi hátt:

Vegur að Skrapatungurétt, 1,5 milljón.

Kálfshamarsvík, 800 þúsund.

Aðrir réttarvegir 200 þúsund.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 29.07.2020

Fundur 6-2020

3. Bréf og fundargerðir:

a) Tónlistarskóli A-Hún:

a1) Fundargerð 23. júní 2020

a2) Fundargerð 21. júlí 2020

a3) Ársreikningur 2019

Fundargerðir og ársreikningur lagt fram til kynningar.

b) Félags- og skólaþjónusta A-Hún:

b1) Fundargerð 29. júní 2020

b2) Ársreikningur 2019

Fundargerð og ársreikningur lagt fram til kynningar.

c) Markaðsstofa Norðurlands, fundargerð 13. júlí 2020

Fundargerð lögð fram til kynningar.

d) Byggðaráð Skagafjarðar tölvupóstur dags. 30. júní

Í tölvupóstinum er bókun frá byggðaráði Skagafjarðar frá 16. júní 2020 varðandi opinber störf á landsbyggðinni. Sveitarstjórn Skagabyggðar tekur heilshugar undir áskorun byggðaráðs um eflingu og fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni.

4. Slökkvibíll á Skagaströnd

Fyrir fundinum lágu gögn varðandi slökkvibíll sem sveitarfélagið Skagaströnd er að skoða. Gögnin lögð fram til kynningar.

5. Fundur með lögreglustjóra og yfirlögregluþjóni 26. júní s.l.

Sveitarstjórn átti fund með lögreglustjóra og yfirlögregluþjóni þann 26. júní s.l. þar sem fram kom óánægja þeirra með orðalag í bókun sveitarstjórnar Skagabyggðar þann 10. maí. Betur hefði farið á því að nefna grun um ferðir hvítabjarnar heldur en tilkynningu um ísbjörn, því vissulega var ekki tilkynnt um að björn hefði sést. Sveitarstjórn Skagabyggðar tekur undir að betur hefði mátt orða bókunina en stendur áfram á því að upplýsa hefði átt íbúa á svæðinu varðandi tilkynningu og aðgerðir og jafnframt að það verði vinnuregla í svona málum í framtíðinni.

6. Fjallskilamál

Fjallskilamál rædd.

7. Íbúafundur í tengslum við sameiningarmál

Í tengslum við sameiningarmál stendur sveitarfélagið fyrir íbúafundi miðvikudaginn 26. ágúst nk. klukkan 18. Fyrirhugað er að Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson hjá RR ráðgjöf komi á fundinn. Oddvita falið að útfæra tímasetningu og auglýsingu í samvinnu við RR ráðgjöf.

8. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 18:00 .

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 29.07.2020
Fundur 6-2020

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Bjarney R. Jónsdóttir

Karen Helga R Steinsdóttir

Magnús Guðmannsson

Kristján Steinar Kristjánsson